

From: Sigurður Arnason
Sent: miðvikudagur, 26. ágúst 2020 14:11
Subject: Ósk um umsögn vegna svæðaskiptingar fyrir manntal árið 2021

Ágætu viðtakendur

Hagstofan hefur gert tillögu að því að skipta landinu upp í um 200 smásvæði, hvert með að meðaltali 1.700–1.800 íbúum.

Byggt er á skiptingu landsins í landsvæði og talningarsvæði. Talningarsvæðin eru 42 (þ.a. 24 á höfuðborgarsvæðinu) og hafa að meðaltali 8.500 íbúa í dag. Þau voru skilgreind vegna manntalsins 2011. Smásvæðin nú eru frekara niðurbrot á talningarsvæðunum. Þau eru skilgreind vegna undirbúnings að manntali 2021.

Á landsbyggðinni hafa Hagstofan og Byggðastofnun skipt talningarsvæðunum niður eftir bestu vitund. Samráð hefur verið haft við öll landshlutasamtökin utan höfuðborgarsvæðisins.

Þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Árborg, Akranesi og Akureyri hefur verið skipt upp eftir reiknirit, þar sem reynt var að finna skástu uppskiptingu með tilliti til lögunar smásvæðanna og innri líkinda hvað varðar húsnæðið. Byggt var á reitaskiptingu sem Míla ehf var svo vinsamlegt að láta í té, en það samsvarar Staðgreinum í Reykjavík. Reikniritið snýst því í reynd um að finna bestu lausn á sameiningu reitanna innan hvers talningarsvæðis.

Reikniritið er þó ekki alsjálfvirkt, því uppskiptingu talningarsvæðanna hafa verið settar skorður, t.d. voru smásvæði ekki skilgreind yfir meginumferðaræðar, auk þess sem nokkrar aðrar takmarkanir voru gerðar til að halda svæðum aðskildum sem augljóslega eiga saman. Hér fer á eftir listi yfir þessar skorður:

Reykjavík

Vesturbær suður:	Skipt upp um Hofsvallagötu
Hlíðar:	Skipt upp um Miklubraut
Laugardalur vestur:	Skipt upp um Borgartún/Sundlaugaveg
Laugardalur austur:	Skipt upp um Holtsveg/Engjaveg/Grensásveg
Háaleiti og Bústaðir:	Skipt upp um Miklubraut; Grensásveg; Bústaðaveg
Breiðholt:	Skipt upp í Efra- og Neðra Breiðholt
Árbær:	Skipt upp um Höfðabakka
Grafarvogur suður:	Skipt upp um Grafarvog
Grafarvogur norður:	Skipt upp um Borgarveg; Korpúlfsstaði

Nágrenni Reykjavíkur

Digranes:	Skipt upp um Digranesveg
Smárinn og Fífuhvammur:	Skipt upp um Reykjanesbraut
Hafnarfjörður norður:	Skipt upp um Reykjavíkurveg
Garðabær:	Skipt upp um Hafnarfjarðarveg; Vífilsstaðaveg; Reykjanesbraut
Mosfellsbær	Skipt upp um Vesturlandsveg

Suðursvæði

Árborg:	Selfoss og svæði utan ár aðskilið frá flóanum Selfossi austan ár skipt upp um Tryggvagötu
Njarðvík, Ásbrú og Hafnir:	Ásbrú og Hafnir aðgreind frá annarri byggð
Grindavík:	Skipt upp um Þjóðveg 43 (Víkurvegur/Víkurbraut)

Vestmannaeyjar:

Skipt upp um Þjóðveg 22
(Skildingavegur/Heiðarvegur/Strembugata /Dalavegur) og þaðan
(frá flugvelli) í átt að suðurodda Skarfatanga.

Óskað eftir athugasemdum

Hagstofan og Byggðastofnun óska eftir athugasemdum sveitarstjórna sem málið varðar við tillöguna að skiptingu sem fylgir með þessari greinargerð: Útgáfa 0.15 af smásvæðaskiptingunni, SHP-skrá (V15).

Aðeins er tekið við athugasemdum, ef þeim fylgir útfærsla á stafrænu sniði (ESRI eða GeoPackage).

Með kveðju

Sigurður Árnason

Byggðastofnun - þróunarsvið

Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur

Sími: 455 5400

Netfang: sigurdur@byggdastofnun.is